

Alþingi
Erindi nr. P 140/1478
komudagur 6.3.2012



Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
105 Reykjavík

B.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Reykjavík, 6. mars 2012

342. mál

Efni: Athugasemdir Vodafone við tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011 – 2022

I. Inngangur

Fjarskipti ehf. (Vodafone) skilaði þann 16. nóvember 2011 inn athugasemdum við drög að tólf ára fjarskiptaáætlun. Vodafone taldi fjarskiptaáætlunina heilt yfir vera raunhæfa en benti um leið á hluti sem félagið taldi að ætti að skoða betur.

Í stórum dráttum hefur ekki verið tekið tillit til athugasemda Vodafone og eru núverandi athugasemdir þar af leiðandi mjög sambærilegar þeim fyrri. Vonast Vodafone til að ítarlega verði skoðaðar athugasemdir félagsins.

II. Athugasemdir Vodafone við ákveðnar greinar

1. Markmið um aðgengileg og greið fjarskipti (bls. 2)

Þrátt fyrir beiðni Vodafone um skilgreiningu á hugtakinu „háhraðafarnet“ er hugtakið haft inni í frumvarpi að fjarskiptaáætlun án þess að það sé skilgreint betur. Vodafone ítrekar því beiðni sína um skilgreiningu á hugtakinu. Ljóst er að fjarskiptafyrirtæki þurfa að átta sig á hvað átt er við með umræddu hugtaki ef raunhæft á að mæta umræddum skilyrðum.

Vodafone
Skútvogur 2
104 Reykjavík
Sími 599 9000
Fax 599 9001
www.vodafone.is

4. Markmið um umhverfsvæn fjarskipti (bls. 3-4)

Vodafone tekur undir mikilvægi þess að stuðla að umhverfsvænum fjarskiptum. Vodafone telur aftur á móti að umhverfsvæn fjarskipti eigi ekki að hafa áhrif á samkeppnisrekstur aðila á markaði.

Vodafone gerði athugasemd við fyrirætlan alþingis að samþykkja fjarskiptáætlun sem felur það í sér að upplýsingar um sendistaði sem og fyrirhugaðar framkvæmdir verði gerðar aðgengilegar fyrir almenning.

Upplýsingar um staðsetningu sendastaða eru aðgengilegar Póst- og fjarskiptastofnum, s.s. Póst- og fjarskiptastofnun getur kallað eftir slíkum upplýsingum skv. núverandi lögum. Vodafone telur að slík upplýsingarskylda sé nauðsynleg en eigi ekki að ná lengra en til stofnunarinnar. Vitneskja almennings um sendistaði eykur möguleika á skipulagðri eyðileggingarstarfsemi sem gæti haft veruleg áhrif á fjarskipti í landinu. Fjarskiptaþjónusta er orðin ein að grunnþáttum í nútímasamfélagi og því ekki heppilegt að mati Vodafone að opna á þessa hættu. Setja má fram þá kröfu eða áætlun að fjarskiptafélög skuli sýna fram á hvaða þjónustuframboð almenningur hefur aðgang að á ákveðnum svæðum.

Vodafone telur að mjög varlega þurfi að fara í því að upplýsa um fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem upplýsingar sem þessar gætu virkað samkeppnisletjandi á aðila markaðarins. Fjarskiptafyrirtæki munu alltaf hafa möguleika á að vita um fyrirhugaðar framkvæmdir samkeppnisaðila og munu þarf að leiðandi geta nýtt sér áform hans til að efla sína starfsemi. Vodafone telur að upplýsingaskylda sem þessi muni a.m.k. minnka samkeppni í dreifingu merkis.

Munu kvaðir sem þessar vera lagðar á alla aðila markaðarins og um leið gera öllum fjarskiptafyrirtækjum mögulegt að samnýta kerfi eða mun sú kvöð einungis hvíla á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk?

1.4. Utanríkisráðuneytið

Til að leggja enn meiri áherslu á að nýta vannýtta ljósleiðar vill Vodafone benda á að í dag bjóðast sambönd um allt land á sama verði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti er ljósleiðarinn tengur inn á fáa þéttbýlisstaði og úr þeim annmarka þyrfti að bæta úr. Telur Vodafone mikilvægt að í lok árs 2022 séu a.m.k. 95% þéttbýla ljósleiðaratengd.

Vodafone telur því heppilegt að skýrt sé tekið fram að unnið verði markvisst að því að hálfu þess opinbera að tengja ljósleiðara á fleiri þéttbýlisstaði á umræddu tímabili 2011 – 2022.

1.5 EES samningurinn og fjarskipti (bls. 16):

Evrópusambandið hefur tekið frá fé í uppbyggingarsjóðum sambandsins til að vinna að brúun stafrænnar gjár, ekki síst með uppbyggingu háhraðanets fyrir heimili og fyrirtæki í dreifðari byggðum landsins. Vodafone telur að Íslenska ríkið ætti að taka sér þetta til fyrirmyndar og taka frá fé til uppbyggingar og eflingar á fjarskiptakerfum landsins.

1.5 EES samningurinn og fjarskipti (bls. 17):

Mikið er rætt um hvernig Evrópusambandið hefur tekið frá fé í uppbyggingarsjóðum sambandsins t.d. til að vinna að brúun stafrænnar gjár, ekki síst með uppbyggingu háhraðanets fyrir heimili og fyrirtæki í dreifðari byggðum landsins. Aftur á móti er ekki sjáanlegt að í fjarskiptaáætlun sé tilgreint hvernig Íslenska ríkið muni standa að sambærilegri uppbyggingu. Vodafone óskar því eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig Íslenska ríkið muni framkvæma uppbyggingu og eflingu á fjarskiptamörkuðum landsins.

2.1.1 Aðgangsnét – Aðgengi fyrir alla (bls. 26):

Í fjarskiptastefnunni er talað um að í árslok 2010 munu um 99% heimila með heilsársbúsetu og fasteignir með heilsársatvinnustarfsemi hafa aðgang að háhraðanettengingum. Vodafone bendir á að í dag eru ekki 99% heimila með ljósleiðaratengingu og því er ljóst að hér þarf að laga ártal svo hægt sé að leggja mat á hvort umrætt markmið sé mögulegt eður ei.

Haldið er fram að lágmarkshraðinn sé vel samanburðarhæfur við það sem gerist hjá öðrum þjóðum sem hafa náð langt á þessu sviði. Vodafone kannast ekki við að hafa séð neina úttekt á þessu og óskar eftir að fá að sjá þau gögn sem vísað er í þessari fullyrðingu til stuðnings.

Í áætluninni er fjallað um að eitt fjarskiptafyrirtæki hafi lýst yfir að tæknin, háhraðanet, leyfi 100Mb hraða á hverri koparlínu til um það bil 60% heimila eða 40.000 talsins. Þess má geta að öllum líkindum sama fjarskiptafyrirtæki eða systurfyrirtæki þess hefur, samkvæmt vitneskju Vodafone, engar áætlanir um að gera mögulegt fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki að fá sama aðgang að koparlínu aðstöðu eða ljósleiðurum sem liggja í götuskápa heldur miðar sú vinna að einokun á lykilinviðum. Vodafone telur mikilvægt að skýrt komi fram að önnur fjarskiptafyrirtæki eigi að geta haft sama aðgang og þetta ákveðna fjarskiptafyrirtæki og fer þess á leit að það muni koma inn í fjarskiptaáætlun að svo verði.

Vodafone telur einnig að í áætluninni sé mikil bjartsýni, af hálfu þeirra sem hana sömdu, til afkasta fjórðu kynslóðar farsíma.

2.1.1 Farsamband (bls. 32):

Í áætluninni er haldið fram að Uppbygging 3G farnets sé að miklu leyti byggð á markaðslegum forsendum fram til þessa. Vodafone vill benda á að uppbyggingin hefur ekki verið á markaðslegum forsendum heldur er hún að mestu leiti tilkomin fyrir ríkisstyrki. Telur Vodafone að uppbyggingar á fjarskiptanetum þurfi að byggjast upp að miklu leyti með ríkisstyrk hér á landi. Eigi fjórða kynslóð farsíma að ná verulegri útbreiðslu hratt er þörf á ríkisstyrk til framkvæmda.

2.1.1 Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp (bls. 34):

Vodafone telur að leggja eigi niður hliðrænar útsendingar og taka upp stafrænar árið 2012. Þegar er dreifikerfi til staðar sem nær til yfir 99% landsmanna, það er því hagkvæmast að hætta sem fyrst fjárfrekum rekstri úr sér gengins dreifikerfis en bjóða þess í stað víðtækari dreifingu til neytenda. Einnig má benda á að þeir aðilar sem nýta sér hliðrænar útsendingar í dag geta leitað til annarra dreifiveita til dreifingu á efni þeirra.

Samnýting opinberra innkaupa (bls. 44)

Í fjarskiptaætlun er komið inná nauðsynleika þess að RÚV byggi upp eigið dreifikerfi. Forsendur fyrir þessari uppbyggingu geti leitt til hagkvæmni, betri verð og bættri þjónustu um land allt.

Vodafone telur umrædda uppbyggingu ekki nauðsynlega, þegar er í dag fyrir hendi stafrænt dreifikerfi sem nær til 99% landsmanna. Það er því þjóðhagslega óhagkvæmt að farið verði í mjög svo fjárfreka uppbyggingu á nýju stafrænu dreifikerfi. Einnig er vandséð hvaða rök mæla með því að hið opinbera fari í samkeppnisrekstur á dreifikerfi þar sem nú þegar er verið að veita slíka þjónustu. Ekki verður séð að neytendur muni njóta góðs að svo fjárfrekum inngrípum hins opinbera inn á markað þar sem mikill meirihluti landsmanna hefur aðgang, bæði að opnum sjónvarpsrásum en einnig áskriftarrásum sem ekki verður séð að hið opinbera muni geta boðið uppá í „ríkisdreifikerfi“. Allar líkur eru á því að með því að hið opinbera reki eigið dreifikerfi með sínu dagskrárefni muni það koma í veg fyrir að þeir neytendur fái þar með ekki aðgang að dreifikerfi sem bjóða mun uppá fjölbreyttari dagskrá svo sem áskriftarsjónvarp.

2.4. Öryggi fjarskipta (bls. 50)

Vodafone telur að umfjöllun þessa kafla sé í andstöðu við umhverfissvæn fjarskipti (bls. 3-4). Vodafone er sammála því að nauðsynlegt sé að gæta að öryggi fjarskiptavirkjana sjálfrá gagnvart ýmiskonar vá og vernda þau fyrir ólögnum aðgerðum. Vodafone telur að til að stuðla að þessu öryggi sé nauðsynlegt að halda upplýsingum um staðsetningu fjarskiptavirkja

frá almennra vitneskju og ítrekar Vodafone því kröfu sýna að upplýsingar um fjarskiptavirki og framtíðaráform verði ekki gerð opinber fyrir almenningi.

2.4. Áfallstjórnun (CM – Crisis Management)

Vodafone óskaði eftir upplýsingum um hvernig yfirvöld hyggjast vinna að því að gera slíkar kröfur skýrari. Óskar Vodafone eftir frekari upplýsingum í fjarskiptaáætlun hvernig skuli staðið að slíkri vinnu og hvernig slíkri vinnu skuli vera lokið. Ísland er land náttúruhamfara og því mikilvægara en ella að hafa skýrt ferli hvernig skuli staðið að samhæfðum aðgerðum á neyðarstundum. Fer Vodafone framá að þessum þætti fjarskiptaáætlunarinnar skuli vera gefin betri skil.

III. Lokaorð

Miðaða við framangreint telur Vodafone heppilegt að skoða ákveðna hluti áætlunarinnar betur. Vonar Vodafone að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem hér eru lagaðar fram og þær komi til með að hjálpa til við að gera fjarskiptaáætlun þessa enn betri.

Vodafone er tilbúið að leggja sitt af mörkum sé óskað eftir frekari aðkomu félagsins að fjarskiptaáætluninni.

Virðingarfyllst,

Guðjón Bjarni Hálfðánarson
lögfræðingur Vodafone